

Ed.

669. Frumvarp til laga

[407. mál]

um Sementsverksmiðju ríkisins.

Flm.: Skúli Alexandersson, Ragnar Arnalds, Helgi Seljan.

1. gr.

Sementsverksmiðja ríkisins hefur heimili sitt og varnarþing á Akranesi. Hún getur haft rekstur annars staðar eftir ákvörðun stjórnar verksmiðjunnar.

Verksmiðjan er í eigu ríkissjóðs en starfar sem sjálfstæð stofnun. Hún lýtur sérstakri stjórn eftir lögum þessum, undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Sementsverksmiðju ríkisins er að framleiða, dreifa og selja sement sem framleitt er úr innlendum og erlendum hráefnum fyrir innlandan og erlendan markað.

Enn fremur annast verksmiðjan námurekstur og hráefnisöflun eftir þörfum. Heimilt er henni að annast rannsóknir og þróunarverkefni, svo og efnavinnslu sem tengd er framleiðslu og sölu sements.

3. gr.

Stjórn Sementsverksmiðjunnar skal skipuð sjö mönnum, og skulu fimm kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum en tvo kys starfsfólk verksmiðjunnar úr sínum hópi. Kosnir skulu jafnmargir varamenn.

Iðnaðarráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann stjórnarinnar og annan varaformann. Sjálf kys stjórnin sér ritara úr sínum hópi.

4. gr.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins hefur með höndum alla stjórn og rekstur fyrirtækisins, svo og framkvæmdir þess og undirbúning þeirra.

Verksmiðjustjórninni er heimilt að taka lán til reksturs og framkvæmda og tekur ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum fyrirtækisins. Þó skal jafnan leita samþykkis ráðherra

ef fé er tekið að láni til stofnkostnaðar nema heimild til lántökunnar hafi verið veitt í fjárlögum eða með sérstakri lagaheimild. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift fimm stjórnarmanna.

5. gr.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins skal í maímánuði ár hvert halda ársfund fyrirtekisins. Á ársfundi skal leggja fram til umfjöllunar reikninga verksmiðjunnar, skýrslu um rekstur fyrirtekisins og helstu framkvæmdir á liðnu ári, einnig áætlun og tillögur stjórnar um starfsemi yfirstandandi árs.

6. gr.

Rétt til setu á ársfundi Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa: Stjórn, varastjórn og framkvæmdastjórnar fyrirtekisins, tíu fulltrúar kjörnir af starfsmönnum verksmiðjunnar, allir nefndarmenn iðnaðarnefnda beggja deilda Alþingis, tveir fulltrúar iðnaðarráðuneytis, tveir fulltrúar fjármálaráðuneytis, tveir fulltrúar frá bæjarstjórn Akraness, tveir fulltrúar frá Sambandi byggingarmanna og tveir fulltrúar frá Félagi íslenskra iðnrekenda.

7. gr.

Við Sementsverksmiðju ríkisins skulu starfa tveir framkvæmdastjórnar sem verkmiðju-stjórnin ræður. Annar þeirra fer með viðskiptamál fyrirtekisins og veitir því forstöðu í fjárhagslegu tilliti. Skal hann hafa lokið háskólaprófi í viðskipta- eða hagfræði eða hafa sambærilega menntun. Hinn framkvæmdastjórninn fer með stjórn tæknilegra málefna verksmiðjunnar, þar á meðal stjórn á framleiðslu hennar. Skal hann hafa lokið verkfræðiprófi eða annarri sambærilegri tæknimenntun. Báðir framkvæmdastjórnar hafa prókúrumboð fyrir fyrirtækið.

8. gr.

Framkvæmdastjórnar annast í umboði verksmiðjustjórnarinnar allan daglegan rekstur verksmiðjunnar og sitja þeir stjórnarfundum og eiga þar málfrelsi og tillögurétt. Stjórn Sementsverksmiðjunnar kveður nánar á um skyldur framkvæmdastjóra í erindisbréfum.

9. gr.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikningshalds verksmiðjunnar. Getur ríkisendurskoðandi ákveðið að fela sjálfstæðu endurskoðunarfyrirtæki að annast þá þjónustu og greiðir Sementsverksmiðjan allan kostnað af endurskoðunarstörfum.

10. gr.

Verksmiðjan er undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema fasteignaskatti og landsútsvari eftir lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skulu reikningar sendir iðnaðarráðherra að lokinni endurskoðun, áritaðir af stjórn, framkvæmdastjórn og ríkisendurskoðanda. Reikningar skulu birtir í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Skyld skal Sementsverksmiðju ríkisins að gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til þess að hindra að starfsemi verksmiðjunnar valdi tjóni á umhverfi sínu og fullnægja skal hún reglum um öryggi starfsmanna og vernd á heilsu þeirra á vinnustað. Skal þess gætt að framkvæmdir og rekstur verksmiðjunnar séu í samræmi við gildandi lög um hreinlæti á vinnustað og þá staðla sem settir eru samkvæmt því. Enn fremur skal þess ætíð gætt að öll starfsemi á vegum verksmiðjunnar sé í samræmi við núgildandi og síðari lög um mengunarvarnir og náttúruvernd.

12. gr.

Við Sementsverksmiðju ríkisins skal starfa samstarfsnefnd stjórnar verksmiðjunnar og starfsmanna hennar. Í nefndinni skulu eiga sæti báðir framkvæmdastjórar verksmiðjunnar, tveir stjórnarmenn og skal annar vera stjórnarformaður. Starfsmenn verksmiðjunnar kjósa úr sínum hópi fjóra fulltrúa í nefndina. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samstarf verksmiðjunnar og starfsliðs hennar, gera tillögur um aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsmanna og veita ábendingar sem horfa til aukinnar hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

13. gr.

Reglugerð um rekstur og starfsemi verksmiðjunnar setur ráðherra að fengnum tillögum stjórnar verksmiðjunnar.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1948, lög nr. 7/1961 og lög nr. 39/1962.

Greinargerð.

Á árinu 1983 skipaði Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til laga um Sementsverksmiðju ríkisins. Í nefndina voru skipaðir þeir Ásgeir Pétursson bæjarfógeti og núverandi formaður stjórnar Sementsverksmiðjunnar og hæstaréttarlögmennirnir Björgvin Sigurðsson og Eiríkur Tómasson.

Nefndin samdi frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi á vordögum 1984 — þá til kynningar — og jafnframt tekið fram að frumvarpið yrði lagt fram á ný haustið 1984. Hér voru gefin fyrirheit um góð vinnubrögð.

Líklegt er að með nokkrum breytingum á frumvarpinu hefði það hlotið samhljóða samþykkt Alþingis ef þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefðu staðið að samþykkt þessa stjórnarfrumvarps jafnstaðfastlega og í einni fylkingu eins og þeir hafa staðið að öðrum frumvörpum ríkisstjórnarinnar. En við fyrirheitið um að leggja frv. fram á ný s. l. haust var ekki staðið.

Þingmenn Alþýðubandalagsins í efri deild Alþingis hafa með framlagningu þessa frv. tekið að sér að standa við yfirlýsingu iðnaðarráðherra um að leggja þetta stjórnarfrumvarp fram á ný. Því er þó breytt í nokkrum atriðum, einkum í sambandi við þátttöku starfsfólks í stjórn, í samstarfsnefnd og á ársfundum. Einnig er það nýtt í þessu frv. að lagt er til að haldinn verði ársfundur fyrirtækisins og tilnefndir fulltrúar á þann fund.

Sömu rök fylgja þessu frv. og því fyrra — en þau voru þessi:

„Enn eru í gildi lög nr. 35/1948, með breytingum, sem gerðar voru með lögum nr. 7/1961, er varða í reynd einungis kjör stjórnarmanna. Lögin frá 1948 eru nánast heimildarlög fyrir ríkisstjórnina til þess að láta byggja sementsverksmiðju. Er því orðið tímabært að setja verksmiðjunni heildarlög um rekstur hennar og stjórnun. Áður hefur verið skipað nefnd til þess að semja lög um Sementsverksmiðju og skilaði hún frumvarpi árið 1970. Ekki varð það frumvarp þó að lögum.

Frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi fyrrgreind heimildarlög og setja fyrirtækinu varanlegan starfsgrundvöll. Er því í þessu lagafrumvarpi að finna ýmis nýmæli um rekstur og stjórnun, atriði er varða fjármál, öryggismál, heilbrigðiskröfur, ráðstafanir gegn mengun og önnur sambærileg efni.

Síðastliðið sumar voru liðin 25 ár, aldarfjórðungur, frá því að verksmiðjan tók til starfa og verður því að telja samningu frumvarps þessa mjög tímabæra ráðstöfun.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins eru einnig þær sömu og þá — nema viðvíkandi þeim greinum sem flm. hafa breytt og bætt í hið upphaflega frumvarp.

Með stjórnarfrumvarpi á þskj. 611 hefur iðnaðarráðherra lagt fram nýtt frv. um Sementsverksmiðju ríkisins þar sem lagt er til að stofnað verði hlutafélag um verksmiðjuna.

Með því frumvarpi er ekki verið að setja verksmiðjunni heildarlög heldur verið að færa hana undir hlutafjálög og minnka vald Alþingis yfir þessari ríkiseign. Alþýðubandalagið mun beita sér gegn því frumvarpi og er algerlega mótfallið því að ríkið selji hluti í Sementsverksmiðju ríkisins.

Með samþykkt þessa frv. okkar Alþýðubandalagsmanna verða Sementsverksmiðju ríkisins sett lög sem skapa fyrirtækinu framtíðar-starfsgrundvöll.

Ítrekuð er staða þess sem ríkisfyrirtækis, starfsfólki tryggður réttur til að hafa áhrif á stjórn þess, tekinn upp sá háttur að fyrirtækið haldi ársfund þar sem Alþingi og ráðuneyti fá aðstöðu til að fylgjast með starfsemi fyrirtækisins og ræða hana, um leið og aðrir viðskipta- og hagsmunaaðilar geta komið með ábendingar sínar um hvaðeina sem betur má fara hjá verksmiðjunni. Með ársfundi fengju stjórn og framkvæmdastjórar fyrirtækisins aukið aðhald og æskilegan vettvang til að gera almenningi grein fyrir gerðum sínum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er réttarstaða fyrirtækisins skýrgreind. Er það gert með svipuðum hætti og nú er í gildandi lögum um ríkisstofnanir, sbr. t. d. 1. og 2. gr. laga nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands. Verður að telja brýna þörf á því að staða verksmiðjunnar í ríkiskerfinu sé skýrt afmörkuð. Þá þykir rétt að tilgreina heimilisvarnarþing fyrirtækisins þannig að eigi fari milli mála hvar lögkröfur séu settar fram á hendur fyrirtækinu enda hefur það aðsetur og rekstur í fleirum en einu lögsagnarumdæmi.

Um 2. gr.

Í þessari grein er skilgreindur tilgangur fyrirtækisins í samræmi við þær horfur sem eru á starfsemi þess í framtíðinni.

Ljóst er að aðalverkefni fyrirtækisins er að framleiða sement. En vissulega er og verður nauðsynlegt að verksmiðjan annist flutning á framleiðslu sinni, einkum ósekkjuðu sementi. Þá þykir rétt að hafa í lögnum heimild fyrir verksmiðjuna til þess að afla sér hráefnis til framleiðslunnar, innanlands og utan. Námurekstur fer nú fram á vegum verksmiðjunnar þar sem er líparitnáman í Hvalfirði. Heimild til efnavinnslu, sem tengd væri sementsframleiðslunni, mundi t. d. ná yfir framleiðslu annarra efna en sements úr hráefnum verksmiðjunnar. Auk þess kæmi til álita að framleiða önnur efni eða vörur úr öðrum efnum sem tengjast sementsnotkun. Óhjákvæmilegt er að hafa heimild til þess að á vegum verksmiðjunnar séu stundaðar rannsóknir sem tengjast verksmiðjurekstrinum, bæði í því skyni að bæta framleiðsluna og auka hana. Ekki er sú heimild á neinn hátt því til fyrirstöðu að verksmiðjan geti falið öðrum slíkar rannsóknir, svo sem t. d. Rannsóknastofnun byggingar- iðnaðarins eða öðrum sambærilegum stofnunum.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um stjórn fyrirtækisins. Er þar um óbreyttar reglur að ræða frá því sem verið hefur síðan lög nr. 7/1961 voru samþykkt á Alþingi um stjórnarmenn kosna af Alþingi, en lagt til að starfsfólk verksmiðjunnar fái aðild að stjórn fyrirtækisins og það kjósi úr sínum hópi tvo stjórnarmenn. Stjórnarmönnum fjölgi því úr fimm í sjö. Þá er lagt til að kosnir verði varamenn, svo og að kosning fari fram að afstöðnum almennum alþingiskosningum. Í gildandi lögum eru ekki ákvæði um kjör varamanna en ástæða þykir til þess að bæta nú úr því. Sama er að segja um stöðu formanns. Lagt er til að iðnaðarráðherra skipi formann eins og verið hefur en nú er enn fremur gert ráð fyrir því að framvegis verði skipaður varaformaður úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Nýmæli er það í frv. að stjórnin kjósi sér sjálf ritara en í reynd hefur málum verið skipað með þeim hætti um langt skeið.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir fyrirtækisins til lántöku innanlands og utan, til almennra þarfa og til stofnframkvæmda. Er svo frá gengið að ríkissjóður verði ekki skuldbundinn af lántökum vegna stofnkostnaðar, og er þar átt við meiri háttar framkvæmdir eða breytingar á mannvirkjum nema samþykki ríkisstjórnar liggi fyrir á grundvelli fjárlaga eða almennra laga.

Um 5. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, sbr. grg. Á ársfundi fyrirtækisins verður fjallað um rekstur þess og stöðu.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hverjir skuli vera fulltrúar á ársfundi. Það eru stjórnendur fyrirtækisins, starfsfólk, fulltrúar Alþingis og ráðuneyta, bæjarstjórnar Akraness, svo og fulltrúar frá viðskiptaaðilum — samtals 50 manns.

Um 7. gr.

Þessi grein geymir ákvæði um framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Er með þessu ákvæði staðfest það fyrirkomulag sem í reynd hefur verið viðhaft í meira en áratug, að framkvæmdastjórnar séu tveir. Fer annar þeirra með forstöðu fjár- og viðskiptamála en hinn með forustu um tæknimál og framleiðslustörf.

Um 8. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Fram að þessu hefur endurskoðun verið svo háttáð að sérstakur löggiltur endurskoðandi hefur annast almenna endurskoðun. Enn fremur hefur ráðherra skipað tvo endurskoðendur sem endanlega ganga frá reikningum áður en þeir eru staðfestir af verksmiðjustjórn.

Hér er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun annast endurskoðunarstörf. Þá verður heimilt að ríkisendurskoðandi feli löggiltum endurskoðanda að annast þessa þjónustu enda greiði verksmiðjan allan kostnað af endurskoðunarstörfum.

Um 10. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórnin gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem verða má. Í greininni er skýrgreint í hvaða búningi reikningar skuli berast iðnaðarráðherra.

Um 11. gr.

Hér eru lagðar skyldur á verksmiðjustjórnina að gera allar þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til þess að hindra að verksmiðjureksturinn valdi tjóni á umhverfi sínu. Þá er lögboðið að gætt verði öryggis og hollustuhátta á vinnustað.

Um 12. gr.

Við því má búast að ávallt komi fram málefni sem varða samskipti verksmiðjustjórnar og starfsmanna. Æskilegt er að hafa skýr ákvæði um hvernig með slík mál skuli fara og virðist vænlegast að koma á fót nefnd sem fjalli um slík málefni. Verði hún ráðgefandi aðili, m. a. um aðbúnað starfsmanna og öryggi þeirra á vinnustað og annað það sem til heilla má horfa fyrir báða aðila.

Um 13. gr.

Parfnast ekki skýringar.